

Aðalfundur 2009

~ Haldinn þann 19.janúar ~



Dagskrá aðalfundar

- **Kosning fundarstjóra**
- **Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári**
- **Reikningar lagðir fram til samþykktar**
- **Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda**
- **Kosning stjórnar**
 - Vallarstjóri og meðstjórnandi.
- **Tillögur og lagabreytingar**
- **Önnur mál**
 - Verðlaun vegna hraðflugskeppni FMS afhent.
- **Kaffi**
- **Vídeóannáll 2008 frumsýndur**
 - Hægt er að nálgast hann á vef félagsins
<http://modelflug.net/video/2008/FMSannall2008web.wmv>

Svipmyndir

Samansafn ljósmynda frá árinu er að finna á nokkrum stöðum í skýrslunni. Njótið vel!

Mínum á myndasafn félagsins, <http://modelflug.net/myndir/>



Félagsmenn voru duglegir að fjölmenna á Arnarvöll. Módel af öllum stærðum og gerðum.



Hraðflugskeppni FMS 2008, sætaröð í sviga.

Magnús Kristinsson(6), Sverrir Gunnlaugsson(1), Steinþór Agnarsson(2), Frímánn V. Frímánnsson(5),
Magnús Ólafsson(4), Ágúst Borgþórsson(7), Guðni V. Sveinsson(3).

Skýrsla stjórnar

Flugmóðelfélagið hélt aðalfund sinn í Selinu þann 16.janúar og var fínasta mæting, 12 félagsmenn mættu á fundinn. Ágætis rekstrarafgangur var eftir árið 2007 enda minna um framkvæmdir og meira um tekjur. Hefðbundin aðalfundarstörf tóku fljótt af, Magnús Kristinsson var kosinn formaður og Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri. Að loknum aðalfundarstörfum var frumsýndur vídeóannáll Flugmóðelfélagsins frá árinu 2007 og vakti hann góða lukku.

Snemma á árinu lét svo Flugmóðelfélagið búa til límmiða og taumerki með merki félagsins og er hægt að nálgast þau gegn vægu verði hjá gjaldkera félagsins og hafa límmiðarnir verið vinsælir á flugmódel félagsmanna. Taumerkið er með frönskum rennilás svo auðvelt er að fjarlægja það af fatnaði fyrir þvott.

Haldin var vorfundur út á Arnarvelli 14.apríl til að ræða nánar fyrirhugaðar vallarframvæmdar og komu Ali Machinchy um miðjan júní. Viðstaddir félagsmenn ákváðu að styrkja söfnunina ásamt því sem Flugmóðelfélagið lagði líka fram styrk á móti.

Reykjanesbær gerði samning við Flugmóðelfélagið um kynningu á sportinu í maí og var hann í samræmi við samningu síðustu ára. Í lok maí var hin árlega flotflugkoma haldin en þó með örlítið breyttu sniði þar sem samhliða hinni hefðbundnu flotflugkoma var haldin keppni þar sem keppt var um Seawind sem Einar Páll Einarsson gaf í verðlaun.

Í júní var hafist handa við að uppbyggingu á vallarplaninu, RR verktakar sáu um jarðvegsvinnuna og félagsmenn sáu um steypuna og undirbúningin í kringum hana.

Um miðjan mánuðinn kom svo Ali Machinchy og Shaun Newby í heimsókn á leið sinni norður í land og leist þeim vel á aðstæður hjá félaginu og tók Ali nokkur flug þrátt fyrir hávaðarok. Nokkrir félagsmenn leigðu sér King Air og fóru norður að fylgjast með Ali leika listir sínar en að auki rataði 40% MX-2 sem Ali kom með í hendurnar á Gunnari og hefur hann ekki hætt að brosa síðan.

Í lok júní var svo Arnarvelli formlega gefið nafn að viðstaddri fjölskyldu Arnar heitins Kærnested. Grillað var ofan í viðstadda og einnig var boðið upp á marsipantertu.

Félagið eignaðist Piper Cub í 1/3 skala í sumar og fékk vélin að sjálfsögðu stafina TF-FMS en fyrsta flug hennar var einmitt laugardaginn 19.júlí sem átti eftir að komast í sögubækur félagsins og þótt víðar væri leitað en af öðrum ástæðum þó.

Þetta var nefnilega dagurinn sem 33% Katana hans Steinþórs ákvað að stinga af og fara í smá ferðalag upp á eigin spýtur. Hún fannst svo við leit úr lofti tveim dögum síðar og í framhaldi af því lögðu nokkrir félagsmenn upp í leiðangur til að nálgast hana. Þegar að var komið kom í ljós að kristallinn hafði losnað úr móttakaranum og þar með fór móttakarinn á fail-safe stillingu. Vélin var ótrúlega heil miðað við að hafa flogið nærri 5 km leið og lent út í miðju hrauni upp á eigin spýtur, smá viðgerð á væng og skrokk ásamt nýjum spaða var það eina sem þurfti til að koma henni aftur í loftið og flaug hún aftur rétt um mánuði síðar.

Af Piper Cub félagsins er hins vegar það að segja að hún er fínasta flugvél og eru þeir sem hafa flogið henni mjög sáttir við sinn hlut.

Í lok júlí hélt félagið hraðflugskeppni sem tókst mjög vel upp og var mesta furða að ekki skyldu koma fleiri utanfélagsmenn miðað við áhugann sem menn hafa sýnt þessum keppnum í gegnum tíðina. Sverrir varð í fyrsta sæti, Steinþór öðru og Guðni Vignir í þriðja sæti en til gamans má geta þess að keppnin var mjög hörð, einungis fjórar sekúndur skyldu á milli annars til fjórða sætis.

Nokkrir félagsmenn skelltu sér á Piper Cub mótið með TF-FMS en hún fór ekki í loftið þar enda var fjarstýringin komin norður yfir heiðar.

Að sjálfsögðu átti Flugmóðelfélagið sína fulltrúa á árlegri flugkomu þeirra norðanmanna, ellefu talsins eða þriðjungur klúbbsins og verður það nú bara að teljast ansi frambærilegt.

Stórskalamót Einars Páls var haldið um miðjan ágúst og þar mættu félagsmenn með TF-FMS og tóku flug í stífum vindi en vélin lét það ekki á sig fá.


Hin árlega Ljósanætur/Fréttavefsflugkoma var svo haldin laugardaginn 6.september og þrátt fyrir smá skúri af og til þá var mikið flogið og talsverður fjöldi gesta mætti á svæðið og skemmti sér með okkur. Félagsmenn mættu með margar stórglæsilegar vélar út á völl og nú er bara að stefna hærra á næsta ári. TF-FMS flaug af og til allan daginn og kom mjög vel út í stífum vindi.

Í lok nóvember heflaði Albert veginn okkur frá flugbrautunum og niður að verktakaafleggjara og kunnum við honum bestu þakkir fyrir það.

Á annan í Jólum var sannkölluð vetrarstilla og að sjálfsögðu fjölmenntu félagsmenn út á Arnarvöll og flugu meðan birtu gaf. Á gamlárstag var frekar hvasst, skúrir af og til og almennt frekar leiðinlegt flugveður en formaðurinn lét það ekki á sig fá heldur kvaddi gamla árið með nokkrum Aircore flugum.

Félagsmenn nýttu árið vel og var flogið í öllum mánuðum ársins og óhætt að segja að einnig hafi verið flogið við ansi fjölbreyttar veðraaðstæður. Á árinu fjölgaði félagsmönnum og er það alltaf jákvæð þróun og vonandi verður framhald á.

Stjórn Flugmóðelfélags Suðurnesja



Gerði formaðurinn auglýsingasamning við gjaldkerann?




Flotflugkoma FMS 2008.

Guðni V. Sveinsson, Gunnar M. Magnússon, Pétur Hjálmarsson, Magnús Kristinsson, Steinþór Agnarsson, Magnús Ólafsson. Böðvar Guðmundsson vantar á mynd.



Katana í eigu Steinþórs fór í langflug lengst út í hraun, slapp furðu vel.

Reikningar félagsins

Flugmóðelfélag Suðurnesja

Ársreikningur 2008

	Inn	Út
Vallarplan		474.296 kr.
Veitingar		43.283 kr.
Vallarvörur		38.444 kr.
Tryggingar		14.190 kr.
Eldsneyti(bensín+gas)		11.395 kr.
Aircore + J3		117.936 kr.
Annað		5.838 kr.
Alí söfnun		30.000 kr.
Merki		58.995,00 kr.
Sala á merkjum	16.750 kr.	
Sala á Aircore-um	126.000 kr.	
Styrkir	250.000 kr.	
Félagsgjöld	182.800 kr.	
Vextir	14.311 kr.	
Samtals á árinu	<u>589.661 kr.</u>	<u>794.377 kr.</u>
Fænt frá fyrra ári	373.510 kr.	
Samtals	<u>963.371 kr.</u>	<u>794.377 kr.</u>
Samtals eign í árslok	<u>168.994 kr.</u>	
Velta á árinu	1.757.748 kr.	

Eignir	Verð
Sláttuvél	200.000
Orf	25.000
Kerra	500.000
Bátur	25.000
Rafstöð	25.000
Samtals	775.000

Flugbrautir og vallarsvæði	33.500.000
- flugbrautir	27.500.000
- vallarsvæði	2.500.000
- vagn	1.500.000
- vallarplan	2.000.000

Samtals eignir	34.275.000
-----------------------	-------------------

Niðurstaða

Eins og fram kemur í ársreikningi félagsins var reksturinn á árinu neikvæður um 204.516 krónur og helgast það af framkvæmdum við vallarplanið sem kostuðu félagið 474.296 krónur. Aðrir liðir voru svipaðir og við var búist, sala á tilbúnum Aircore til nýliða stóð undir sér ásamt því sem hún fjármagnaði standsetningu á Piper Cub félagsins. Sala á merkjum félagsins er enn í mínus en ætti að komast í núllið á næstu árum, koma svo félagsmenn, lágmark einn límmiði á hverju flugmódeli ☺

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld

Stefnt verður að áframhaldandi aðhaldi í fjármálum félagsins en þó má gera ráð fyrir að leggja þurfi út í einhvern kostnað vegna framkvæmda í tengslum við Hlíðarenda, sáningu og/eða lagningu torfbaka. Ég legg til að félagsgjöld verði óbreytt, 3.000 fyrir yngri en 18 ára og 7.500 fyrir aðra.

Kröfur vegna félagsgjalda verða stofnaðar í bankakerfinu um næstu mánaðarmót, þeir sem vilja greiða fyrir þann tíma er bent á að hafa samband við gjaldkera.

Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri



Ali Machinchy og Shaun Newby komu í heimsókn á Arnarvöll þann 18.júní.

Kosning stjórnar

Á þessum aðalfundi þarf að kjósa vallarstjóra og meðstjóranda.

Tillögur og lagabreytingar

Liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað.

Önnur mál

Verðlaunaafhending vegna hraðflugskeppni FMS.

Minnisblað